



Ræða flutt að loknum fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda, í október 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Norðurlönd – Dómsmálaráðherra

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965.
Askja 4-2, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1955

Mbl. 11. okt 1955

Góðir hlustendur!

S.l. föstudag og laugardag, þann 7. og 8. okt. var haldinn í Kaupmannahöfn fundur dómsmálaráðherra á Norðurlöndum og sóttu fundinn dómsmálaráðherrarr allra ríkjanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Íslands. Fundur þessi var fjórði slíkur fundur, sem haldinn er eftir ófriðarlok 1945, og hinn fyrsti, sem dómsmálaráðherra Íslands hefur getað komið við að sækja, en stundum hefur fulltrúi hans sótt fundinn.

Á fundinum í síðustu viku voru rædd mörg löggjafarefni, sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir Norðurlönd, bæði einkamálaréttar- og opinbers-réttar eðlis. Þá var og 8. okt. hafður sameiginlegur fundur með fulltrúum frá ~~Norðurlanda -~~ ^{Norðurlanda -} ~~norrans~~ ráðinu og þar undirbúin ýmiss mál, sem meðhöndluð verða á fjórða fundi ráðsins í Kaupmannahöfn ^{á ársþinginni 1956} ~~1955.~~

Samvinna Norðurlanda um löggjafarmál-efni er orðin allgömul og má segja, að hún sé fyrsta skrefið í raunhæfri samvinnu landanna nú á tímum. Lengst af hefur sérstök nefnd lögfræðinga frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð og síðar Finnlandi og Íslandi annast ~~því~~ undirbúning þessarar löggjafar og hefur mikill árangur náðst í þeim efnum. Má þar t.d. einkum nefna ýms ákvæði í fjármálarétti og

sifjarétti. Á seinni árum hafa einnig verið teknir upp sameiginlegir fundir dómsmálaráðherranna, til að greiða fyrir samvinnu í þessum efnum og á allra síðustu árum hefir bætzt við starf ^{Norturlandsg} ~~norrana~~ ráðsins.

Hlutur Íslands í þessum störfum hefur lengst af verið sá, að við höfum aðeins reynt að fylgjast með og valið þá löggjöf, sem við töldum hafa þýðingu fyrir okkur og hinir höfðu samið, þýtt hana og lögfest hér á landi. ^{Síð h} ~~þátttöku~~ þátttaka í samstarfi, sem krafðist margra funda og tíðra ferðalaga, var nánast ófræmkvæmanleg, meðan ferð á einn fund tók margar vikur eða mánuð. Nú, þegar menn geta skroppið úr landi og lokið erindum sínum og verið komnir heim aftur eftir fjóra til fimm daga frá því þeir fóru að heiman, horfir allt öðru vísi við, enda verður þess mjög vært, að ætlast er til virkari þátttöku af okkar hálfu nú en áður var. Verðum við og að vona, að beinn hagur verði af slíku, bæði vegna þess, að ekki er fyrir það að synja, að reynsla okkar kunnir að verða að gagni við undirbúning samræmdrar löggjafar, og þá ekki síður hitt, að fulltrúar okkar fá dýrmæta reynslu og nýjar hugmyndir í samstarfi ~~og við samfund~~ við aðra, sem að svipuðum verkefnum vinna. Þrátt fyrir aukna fyrirhöfn og nokkurn kostnað efast ég því ekki um, að Ísland muni hafa hag að því, að leggja sig meira fram ^{en verið hefur} um virka þátttöku í hinum sameiginlega löggjafarundirbúningi.

Hitt er annað mál, að sumt af því, sem við á í hinum Norðurlöndum, kemur ekki til greina um okkur, t.d. var á fundinum nú nokkuð rætt um sameiginlega löggjöf um mannanöfn. Mjög hæpið er, að við tökum þátt í henni, þar sem nafnasiður er allt annar hér en í hinum löndunum. Svipað er um umferðalög. Mikill hagur getur verið af, að kynnast reynslu hinna þjóðanna í þeim efnum, en þar sem tveir þjóðir hafa vinstri akstur, sem sé Svíar og við, en þrjú hægri akstur, og ekki eru taldar horfur á, að Svíar breyti hjá sér, er ólíklegt að alveg sams konar löggjöf verði sett í öllum löndunum. Eins var t.d. ekki talið, að tímabært væri að setja sameiginleg hlutfélagalög fyrir öll löndin, og kom þar fram, að dómarmálaráðherrann sænski taldi sænsku hlutfélagalögin hafa reynzt alltof flókin. Það er lærdómsríkt fyrir okkur, ekki sízt vegna þess, að sumir telja að frumvarp það að hlutfélagalögum, sem undirbúið var hér á landi fyrir nokkru, að minni tilhlutan, en enn hefur ekki náð fram að ganga, sé einmitt of flókið enda of ~~þjón~~ ^{um} sniðið eftir hinum sænsku lögum. Aftur á móti voru allir sammála um, að taka þátt í endurskoðun á vissum atriðum sjólaga og hjúskaparлага, svo að einungis tvö dæmi séu nefnd.

Að lokum var ákveðið að halda norræna dómarmálaráðherra fundi einu sinni á ári í þeim tilgangi að samræma betur en nú löggjafarstarfið, undirbúa efni, sem lögð verði fyrir ~~norræna~~ ^{Norðurlöndu -} ráðið, skiptast

á skoðunum og bera saman reynslu manna í hinum mismunandi löndum varðandi atriði, sem máli skifta. Voru allir sammála um, að slíkar viðræður gætu verið mjög þýðingarmiklar, jafnvel þó að þær leiddu ekki, að minnsta kosti þegar í stað, til sameiginlegrar löggjafar. Mun næsti fundur verða haldinn í Helsingfors í september 1956.